

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna yfirlits yfir móttökur Reykjavíkurborgar*

Á fundi borgarráðs 25. október 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar eftir því að fá að vita hvaða fyrirtæki þetta eru sem þjónustan er keypt af, veitingar, framreiðsla, skreytingar o.s.frv. Einnig hvernig Reykjavíkurborg skilgreinir „móttöku“ í svarinu. Óskað er eftir að vita um hvaða móttökur eru að ræða, hvenær þær fóru fram, og hvar og í tilefni hvers árið 2017 og það sem af er 2018.

Með bréfi dagsettu 5. nóvember 2018 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Móttökur Reykjavíkurborgar eru skilgreindar í 1. gr. reglna Reykjavíkurborgar um móttökur, dags. 30. janúar 2015 á eftirfarandi hátt:

„Opinberar móttökur Reykjavíkurborgar eru formlegar móttökur borgarstjórnar og borgarstjóra. Forsætisnefnd ákveður móttökur Reykjavíkurborgar, sbr. 7. tölul. 3. mgr. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, með síðari breytingum. Opinberar móttökur borgarstjórnar eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjórnar. Opinberar móttökur borgarstjóra eru á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Móttökur sem borgarstjóri býður til vegna starfsmannatengdra viðburða á borð við starfsloka starfsmanns falla ekki undir skilgreiningu 1. mgr., enda sé við það miðað að fjöldi gesta sé stillt í hóf. Móttökur einstakra stofnana, fagsviða eða skrifstofa í miðlægri stjórnarsýslu eru ekki opinberar móttökur Reykjavíkurborgar. Slíkar móttökur eru á ábyrgð viðkomandi fagsviðs og þurfa að rúmast innan fjárheimilda.“

Eftirfarandi fyrirtæki sáu um veitingar í móttökum Reykjavíkurborgar árin 2017 og frá janúar til nóvember 2018: Þrír Grænir Ostar ehf., Veislugarður ehf., Múlakaffi ehf. og Bernhöftsbakarí ehf. Skreytingar og blómvendur í móttökunum voru keypt af fyrirtækjunum Samasem ehf., Blómagallerí ehf., Veislugarði ehf. og Grænum markaði ehf. Allt áfengi í móttökunum var keypt af fyrirtækinu Mekka Wines & Spirits hf.

Eftirfarandi verktakar sáu um framreiðslu í þessum sömu móttökum: H4 ehf., Hafdís Elma Jónsdóttir Höjgaard, Sigríður Þráinsdóttir, Hrafn Hlíðdal Þorvaldsson, Katrín Birna Smáradóttir, Hrannar Hlíðdal Þorvaldsson, Anna Dögg Jörgensdóttir, Svava Steingrímsdóttir og Hervar Hlíðdal Þorvaldsson.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara,

Dagný Ingadóttir

Hjálagt:

Yfirlit yfir móttökur Reykjavíkurborgar á árunum 2017 og frá jan.- nóv. 2018.

